

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. *Þ* 138/2768

komudagur 9.6.2010

Alþingi
b.t. viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

7. júní 2010
Tilvísun: 2010060031

Umsögn um breytingartillögur frá viðskiptanefnd við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þskj. 291, 255. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar frá viðskiptanefnd Alþingis þann 7. júní 2010 kl. 12:07 þar sem óskað er eftir að umsögn eftirlitsins um breytingartillögur viðskiptanefndar við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þskj. 291, 255. mál, berist fyrir lok dags 8. júní 2010.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við hversu skammur tími var gefinn til þess að koma á framfæri athugasemdum, sérstaklega í ljósi þess að verið er að leggja umfangsmiklar skyldur á Fjármálaeftirlitið verði frumvarpið með breytingartillögunum samþykkt. Mælist er til þess að í framtíðinni verði gefinn hæfilegur tími til þess að gefa umsögn um breytingartillögur og frumvörp. Fjármálaeftirlitið bendir á að þegar frumvarpið var sent til umsagnar í desember sl. var eftirlitinu einungis veittur þriggja daga frestur til umsagnar.

Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir:

a) Fjármálaeftirlitið vísar í orðskýringar 2. gr. frumvarpsins þar sem við bætist, með breytingartillögum viðskiptanefndar, skilgreining á *Vörsluaðila lífeyrissparnaðar*. Fjármálaeftirlitið telur mjög mikilvægt að heitinu vörsluaðilar lífeyrissparnaðar verði breytt í öllu frumvarpinu í *Lífeyrissjóðir og aðrir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar*. Þetta kemur til vegna orðalags í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar féllu ekki undir eftirlit og umrædd lög fyrr en um áramótin síðustu. Mikilvægt er að mismuna ekki eigendum viðbótartryggingaverndar (séreign) og lágmarkstryggingarverndar (samtrygging), en báðir aðilar geta boðið upp á að ávöxtun þeirra sé að fullu eða að hluta í innlánnum.

Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að ef skilgreiningin á *Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar* (Fjármálaeftirlitið leggur til orðalagið *Innlánsleið lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila*, sbr. hér að ofan) muni eingöngu ná til fjárfestingarleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hafa heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni er þeim aðilum sem velja blandaðar fjárfestingarleiðir veitt minni vernd. Þeir aðilar sem velja blandaðar innlánsleiðir hjá vörsluaðila, þar sem t.d. helmingur séreignarsparnaðar fer á innlánsreikning, hafa því enga tryggingu fyrir þeirri upphæð sem fer á innlánsreikning. Má leiða líkur að því að viðskiptavinir munu frekar velja óblandaðar innlánsleiðir vegna þessa sem ekki telst æskileg þróun.

b.) Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við c-lið 10 gr. breytingartillagna þar sem sú skylda er lögð á Fjármálaeftirlitið að reikna út áhættustuðul hvernar innlánsstofnunar. Þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið búi yfir upplýsingum sem gætu nýst við slíka útreikninga, þá er um að ræða

upplýsingar og niðurstöður sem eru þagnarskyldar og Fjármálaeftirlitinu óheimilt að afhenda öðrum. Þar sem ábyrgð á rekstri sjóðsins liggur alfarið hjá sjóðnum sjálfum og um er að ræða útreikninga sem eru grundvöllur fyrir gjaldtöku hans er eðlilegast að sjóðurinn reikni sjálfur út þessa áhættustuðla.

b.ii) Fjármálaeftirlitið leggur til breytingar á síðustu málsgrein 10. gr. frumvarpsins þannig að orðalag málsgreinarinnar verði: *Mat á óveðsettum eignum sem hægt er að nýta á móti innlánnum skal miðast við bókfært virði þeirra. Sjóðnum er heimilt að afla mats óháðs sérfræðings á þessum eignum á kostnað innlánsstofnunar.* Breytingin er lögð til vegna þess að ekki er unnt að setja reglur sem tryggja rétt mat á virði eigna á hverjum tíma.

c) Fjármálaeftirlitið bendir á misræmi í 14. gr. og 22. gr. frumvarpsins. 1. tl. 14. gr. frumvarpsins, skv. breytingartillögu, segir að innstæður í eigu fjármálafyrirtækja (var áður innlánsstofnana) njóti ekki verndar samkvæmt lögnum. Í 3. tl. 14. gr. er sagt að innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignahlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki njóti ekki verndar. Eins og Fjármálaeftirlitið skilur ákvæðin er í báðum framangreindum töluliðum verið að undanskilja innstæður fjármálafyrirtækja frá vernd samkvæmt lögnum.

d) Samsvarandi misræmi má finna í 22. gr. frumvarpsins, sbr. 1. og 3. tl. 22. gr..

e) Fjármálaeftirlitið vill koma á framfæri ábendingum sínum varðandi 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins, samanber ábendingu sem fram kom í bréfi eftirlitsins til nefndasviðs Alþingis 10. desember sl. Í greininni segir: „Missi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfsleyfi sitt vegna vanskila samkvæmt þessari grein skulu skuldbindingar sem stofnað hefur verið til áður en leyfi er afturkallað njóta tryggingaverndar samkvæmt lögnum“.

Fjármálaeftirlitið bendir á að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu **geta ekki misst starfsleyfi sitt á grundvelli laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi** fyrir fjárfesta, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið leggur til að greinin verði orðuð í samræmi við ákvæði 11. gr. frumvarpsins og segi: „*Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svipt starfsleyfi í heild eða hluta raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar við sviptingu starfsleyfis í samræmi við ákvæði þessa kafla*“.

f) Fjármálaeftirlitið vill koma á framfæri athugasemd sinni varðandi 24. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að Fjármálaeftirlitið fékk afar skamman tíma til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið og var það sérstaklega tekið fram í erindi eftirlitsins frá 10. desember sl.

Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins skulu útibú innlánsstofnanna og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, sem staðsett eru utan EES, greiða iðgjald í sjóðinn. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera þeim að setja frekari tryggingar fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögnum.

Fjármálaeftirlitið veitir útibúum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu utan EES heimildir til að starfa hér á landi skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. **Fjármálaeftirlitið kemur þó á engan hátt að greiðslu fjármálafyrirtækja í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Fjármálaeftirlitið telur óeðlilegt að það sé í höndum eftirlitsins að ákveða að setja útibúum erlendra fjármálafyrirtækja kröfu um að greiða frekari tryggingar til sjóðsins.** Eðlilegra væri að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tæki ákvörðun um að setja auka tryggingar á útibú fjármálafyrirtækja, með staðfestu utan EES.

Fjármálaeftirlitið leggur til að orðalag 2. málslíðar ákvæðisins verði því: *Sjóðnum er heimilt að gera þeim að setja frekari tryggingar fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum.*

Einnig telur Fjármálaeftirlitið að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sé betur í stakk búinn en eftirlitið til að taka ákvörðun um að veita íslenskum fjármálafyrirtækjum, með útibú utan EES, undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins, sbr. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið leggur til að orðalag 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins verði: *Sjóðurinn getur veitt innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjald og hefur staðfestu hér á landi undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins vegna útibús fyrirtækisins sem staðsett er utan aðildarríkis.*

Ef óskað er frekari upplýsinga mun Fjármálaeftirlitið fúslega veita þær.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason

Linda K. Björgvinsel.
Linda Kolbrún Björgvinsdóttir